
DEILISKRÁNING FORNLEIFA VEGNA MATS Á UMHVERFISÁHRIFUM SJÓVARNA Í BREIÐAGERÐISVÍK



RITEYFINGUR OG HÖFUNDIR EFNIS: KRISTBURG ÞÓRSDÓTTIR

Reykjavík 2016

FS606-16061

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES



*Forsíðumynd er af Halagerði GK-143:020 í landi Stóra-Knarrarnes. Minjarnar eru í stórhættu vegna landbrots og lenda að öllum líkindum að hluta undir fyrirhuguðum sjóvarnargarði. Horft til austurs.
Ljósmynd tók Kristborg Þórsdóttir.*

©Fornleifastofnun Íslands 2016

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Fax: 551 1047

Netfang: fsi@instarch.is

Heimasíða: www.instarch.is

Efnisyfirlit

HELSTU NIÐURSTÖÐUR.....	5
1. INNGANGUR	7
2. FORNLEIFASKRÁ.....	9
3. UMFJÖLLUN OG NIÐURSTÖÐUR.....	18
HEIMILDASKRÁ	20
VIÐAUKI 1: HNI TASKRÁ ISN93.....	21
VIÐAUKI 2: KORT	22



Helstu niðurstöður

- Deiliskráning fornleifa var unnin í Breiðagerðisvík þar sem fyrirhugað er að byggja 380 m langan sjóvarnargarð. Tekið var út 50 m breitt helgunarsvæði frá miðlínu mannvirkisins. Til aðgreiningar er helgunarsvæðinu skipt upp í framkvæmdasvæði og áhrifasvæði. Framkvæmdasvæði er 20 m breitt svæði frá miðlínu mannvirkis. Áhrifasvæði er utan framkvæmdasvæðis, allt að 50 m frá miðlínu mannvirkis.
- Fornleifar sem eru á framkvæmdasvæði teljast í stórhættu. Fornleifar sem eru á áhrifasvæði teljast í hættu.
- Samtals eru 20 fornleifar innan helgunarsvæðis framkvæmdarinnar. Af þeim eru sjö fornleifar í stórhættu og 13 fornleifar í hættu.
- Í flestum tilvikum ætti að vera hægt að komast hjá því að raska fornleifum á áhrifasvæði framkvæmdarinnar (20-50 m frá miðlínu mannvirkis). Á framkvæmdasvæðinu (0-20 m frá miðlínu mannvirkis) lenda einhverjar fornleifar að hluta eða öllu leyti undir mannvirkjum eins og áætlanir gera ráð fyrir að þau verði. Mögulega er hægt að komast hjá raski á þeim fornleifum sem eru innan framkvæmdasvæðis en lenda ekki undir mannvirkjum en þá þarf að gæta ýtrustu varúðar við framkvæmdirnar.
- Minjastofnun Íslands mun veita umsögn um nauðsynlegar mótvægisáðgerðir.



sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

2. Fornleifaskrá

GK-143 Stóra-Knarrarnes

GK-143:018 *Sjóvarnargarðururinn* heimild um varnargarð 64°00.446N 22°19.644V "Eftir Sjávarkampinum lá Sjóvarnargarðururinn út á Nesið ...," segir í örnefnaskrá. Gengið var með nánast allri ströndinni útifyrir Knarrarnesi en engin ummerki um sjóvarnargarð fundust. Sjór gengur mjög á land hér eins og víða og hefur að líkindum brotið garðinn niður.

Mest þörf hefur verið á sjóvarnargarði þar sem ekki er há klapparfjara en það er ASA við bæ 001 en samkvæmt upplýsingum í örnefnaskrá hefur hann einnig legið út á Nesið til norðurs. Engin ummerki um sjóvarnargarð eru sýnileg og er hann líklega horfinn að mestu leyti vegna landbrots en leifar hans kunna að leynast undir sverði eða í fjörुकambinum.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Knarrarnes, 3

GK-143:020 *Halagerði* gerði kartöflugarður

64°00.439N 22°19.629V



Halagerði 020, horft til austurs



Halagerði 020, horft til austurs. Myndin var tekin í apríl 2016 og sýnir hvernig sjórinn brýtur af norðurhlíð gerðisins

"Innsti hluti túnsins nefnist Halagerði ...," segir í örnefnaskrá. "Innsti (austasti) hluti túnsins (þ.e. Austurbæjartúnsins) nefnist Halagarður," segir í örnefnaskrá KE. Halagerði er um 225 m suðaustan við bæ 001.

Garðurinn er í austasta hluta mjórrar túnræmu meðfram sjónum. Til suðurs er gróinn klapparmói og fjaran er til norðurs.

"Þar átti einu sinni að rækta kartöflur handa fátækasta fólki hreppsins. Var þá hlaðinn grjótgardur um Halagarð, en lítið mun hafa orðið úr ræktun þar," segir í örnefnaskrá KE. Grjóthlaðið gerði er utan um Halagerði. Það er um 40x50 m að stærð og snýr ASA-VNV. Hleðslurnar eru víða hrundar en þar sem þær standa eru þær um 1,3 m á hæð og sjást 5 umför af hleðslu. Skörð eru í gerðið á nokkrum stöðum. Stærsta skarðið er í norðvesturhorni þess. Grænmeti er enn ræktað innan gerðisins (2011). Gerðið tengist túngarði (Heiðargarði) 021. Í suðausturhorni Halagerðis er 12 m löng grjóthleðsla sem liggur til austurs. Hún er um 1 m á breidd og um 0,3 m á hæð, ekki stendur steinn yfir steini. Líklegt er að þetta sé hluti af Heiðargarði 021 frá því áður en Halagerði var hlaðið. Líklega er þessi kartöflugarður frá upphafi 20. aldar.

2016: Minjarnar voru mældar upp við deiliskráningu vegna fyrirhugaðra sjóvarna í Breiðagerðisvík. Landbrot ógnar mjög Halagerði og er sjórinn búinn að brjóta talsvert af norðurvegg þess.


Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Knarrarnes, 3; Ö-Knarrarnes KE, 6

GK-143:021 *Heiðargarður* garðlag túngarður 64°00.428N 22°19.662V

"Heiðargarður heitir Knarrarnestúngarðurinn ofan allra túna, með Knarrarneshliði," segir í örnefnaskrá. Líklega er átt við að Heiðargarður sé ofan túna Minna-Knarrarness og Stærra-Knarrarness og er hann skráður hér sem ein heild. Garðurinn er vel sýnilegur frá Halagerði 020 í suðaustri, að Tröðum 016, en sá endi garðsins er um 125 m SSA við bæ 001. Ein tóft er áföst garðinum, um 165 m suðaustan við bæ 001 og er hún skráð hérna undir sama númeri. Einnig sést garðurinn á stuttum kafla í jaðri túns Minna-Knarrarness GK-144.

Garðurinn liggur á mörkum sléttads túns og hæðótts hraunmóa. Tóftin er á dálítilli hæð, fast upp við garðinn.



Tóft sambyggð Heiðargarði 021, horft til suðurs

Samkvæmt túnakorti frá 1919 náði Heiðargarður frá Halagerði 020, austast í túni Stóra-Knarrarness, að Vík 144:011, vestast í túni Minna-Knarrarness. Alls var garðurinn um 560 m á lengd og með ströndinni afmarkaði hann svæði sem er um 490x300 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Þar sem garðurinn er horfinn hefur hann verið rifinn vegna útfærslu túna, bygginga og vegagerðar. Garðurinn er grjóthlaðinn og lítið gróinn. Hleðslur eru víða hrundar og er mesta hæð um 1 m og mest sjást 5 umför. Í landi Stóra-Knarrarness er garðurinn um 170 m að lengd, liggur í boga frá suðaustri til suðvesturs. Með fjörunni afmarkarkar hann svæði sem er um 175x78 m að stærð og snýr ASA-VNV. Tóftin er sambyggð túngarðinum. Hún er einföld, um 4x3,5 m að stærð og snýr norður-suður. Innanmál hennar er 2x1,5 m. Í veggjum sjást mest 4 umför hleðslu og hæð þeirra er um 1 m og 1 m á breidd. Tóftin er grjót- og torfhlaðin. Opið inni tóftina er á norðurveggnum. Innan í tóftinni eru leifar af gamalli vírgirðingu. Í landi Minna-Knarrarness er garðbrot sem líklega er hluti af Heiðargarði. Það er um 25 m suðvestan við suðausturenda Brandargerðis 144:016. Það er ógreinilegt, er um 8 m á lengd og um 0,3 m á hæð. Ekki stendur steinn yfir steini. Ekki eru tiltækar upplýsingar um aldur Heiðargarðs og kann hann að vera allgamall í grunninn þó að hann hafi verið endurhlaðinn í gegnum tíðina.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Knarrarnes, 3

GK-143:037 hleðsla

64°00.456N 22°19.727V



Hleðsla 037, horft til norðurs

Ógreinileg hleðsla er á grónum sjávarkamp í túnjaðri. Hún er um 20 m norðan við tóft 021B og um 150 m suðaustan við bæ 001. Hleðslan hafði áður númerið 047 í viðbótarskýrslu um deiliskráningu vegna sjóvarnargarða (FS525-13082).

Hleðslan er við suðurjaðar sjávarkampsins sem er að mestu gróinn en hér og hvar sést í grjót og er það víðast fremur smátt og lábarið.

Hleðslan sést á um 2,5 m löngum kafla og snýr austur-vestur. Við austurendann virðist hleðslan beygja til norðurs en ummerki á vettvangi benda til þess að mól og grjóti hafi verið ýtt upp austan við hleðsluna frekar en

að um framhald af hleðslunni sé að ræða og er grjótið í meintum uppmokstri smátt og ekki sést hleðsla. Mögulega er hleðslan sem sést óljósar leifar af Sjóvarnargarði 018 og eru þá aðrir hlutar hans horfnir undir sjávarkamp og vegna landbrots. Mesta hæð hleðslunnar er um 0,3 m en ekki sjást fleiri en eitt umfar grjóts. Mesta breidd hleðslunnar er um 0,5 m.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-145 Breiðagerði

GK-145:001 Breiðagerði bæjarhóll bústaður



Bæjarhóll Breiðagerðis 001, horft til suðausturs

64°00.491N 22°19.266V

"Breiðagerði bærinn stóð í Breiðagerðistúni innanlega og var túnið að mestu sunnan (vestan) bæjarins," segir í örnefnaskrá. Í bókinni Mannlíf og mannvirki segir að þrífýli hafi verið á jörðinni um aldamótin 1900 og að síðustu ábúendur hafi flutt af jörðinni um 1926. Bæjarhóllinn í Breiðagerði sést enn vel. Hann er litlu sunnan við sjávarkampinn, umkringdur nýbýlum og sumarbústöðum sem risið hafa á jörðinni á síðustu áratugum. Bæjarhóllinn er í litlu túni sem komið er í órækt. Íbúðarhús er litlu suðvestan við hann og

fleiri hús eru nálægt honum til suðurs og suðausturs.

Bæjarhóllinn er um 54x30 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Hann er breiðastur í suðvesturenda. Norðausturhluti bæjarhólsins virðist vera náttúrulegur hóll en þó kunna að leynast í honum mannvistarleifar. Fast suðvestan við þann hól er steypdur húsgrunnur sem er um 5x8 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Önnur mannvirki er ekki að sjá á hólnum. Hóllinn er allur mjög grasgefinn og vex mikið af þistlum á honum. Hann er víðast um 2 m á hæð en hæstur í norðausturenda.

Hættumat: hættu, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Breiðagerði, 2; GJ: Mannlíf og mannvirki, 293; Túnakort 1919

GK-145:003 heimild um útihús

64°00.495N 22°19.310V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 35 m norðvestan við bæinn 001.

Útihúsið var í túni sem nú er komið í órækt. Túnið hækkar lítilliga þar sem útihúsið stóð, í norðvesturjaðri túnsins.

Ekki sést til minja um útihúsið og hefur það að líkindum verið rífið við túnasléttun.

Hættumat: hættu, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

GK-145:004 heimild um útihús

64°00.503N 22°19.329V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 60 m norðvestan við bæ 001.

Útihúsið var í túnjaðri niður við sjávarkamb. Grasi gróið er þar sem það stóð.

Ekki sést til minja um útihúsið og er líklegt að það hafi verið rífið. Laust grjót má greina í grasinu sem kann að vera úr hleðslum hússins.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

GK-145:005 brunnur brunnur
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var brunnur um 30 m NNV við bæ 001.

64°00.503N 22°19.294V

Brunnurinn er í lægð í túni sem komið er í órækt. Eitthvert nútímarask hefur orðið í túninu NNA við brunninn en þar sjást 2-3 samliggjandi grónar rákir. Ekki er ljóst hvernig þær hafa myndast.

Brunnurinn er grjóthlaðinn og samanfallinn. Hann er um 1 m í þvermál og 0,2 m á hæð. Lítið op er niður í hann, um 0,3 m í þvermál og um 0,3 m á dýpt.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919



Ummerki um brunn 005, horft til austurs

GK-145:006 *Breiðagerðisbrunnur* heimild um brunn

64°00.481N 22°19.292V

"Breiðagerðisbrunnur var sunnan bæjar," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti frá 1919 var brunnurinn um 30 m suðvestan við bæ 001.

Brunnurinn er í flatlendum hluta túnsins. Dálítil lægð er í túninu þar sem brunnurinn er, um 1 m í þvermál. Ekki sjást grjóthleðslur eða önnur skýr ummerki um brunninn, önnur er lægðin. Þó er gróinn jarðvegskragi austan við lægðina í túninu sem kann að vera leifar af brunninum. Fyllt hefur verið upp í brunninn.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Breiðagerði, 2; Túnakort 1919



Óljós ummerki um Breiðagerðisbrunn 006, horft til austurs

GK-145:012 *Breiðagerðisnaust* garðlag varnargarður 64°00.552N 22°19.227V

"Sjávarkampurinn upp frá fjörunni var allt eins kenndur við bæinn, Breiðagerðiskampur. Á honum var innarlega Breiðagerðisnaust og Breiðagerðisbúð [013] og fram undan var svo Breiðagerðisvör [014], sem allt eins var nefnd Breiðagerðislending ...," segir í örnefnaskrá. Naustið var að líkindum þar sem merking er á túnakorti frá 1919 að mannvirki hafi verið á varnargarði/túngarði, um 120 m norðaustan við bæ 001. Varnargarðurinn er einnig skráður á þetta númer þar sem þessar minjar voru að líkindum sambyggðar. Leifar af honum sjást á stuttum kafla, annars vegar B um 65 m norðvestan við bæ 001 og um 125 m suðvestan við Breiðagerðisnaust og hins vegar C um 120 m suðvestan við bæ. Við deiliskráningu árið **2016**, sem unnin var vegna fyrirhugaðra sjóvarna í Breiðagerðisvík, fundust leifar af varnargarðinum á tveimur stöðum til viðbótar.

Breiðagerðisnaust var í lítilli vík á milli klappar á merkjum móti Auðnum og lítillar klappar til vesturs. Fjaran þar á milli er grýtt klapparfjara. Á sjávarkampinum er gróið en grýtt. Varnargarðurinn sést á grýttum sjávarkambi norðarlega í lítilli vík. Túnið liggur fast að honum. Garðbútur B sést á um 10 m löngum kafla. Hann er um 1m á breidd og um 0,5 m á hæð. Nokkurt



Á vinstri mynd sést garðbútur 012E, horft til ANA. Á hægri mynd sést garðbútur 012D, horft til austurs

stórgrýti er í honum. Hann snýr norðaustur-suðvestur og í honum sjást mest tvö umför hleðslu. Garðbútur C sést á um 20 m löngum kafla, snýr norðaustur-suðvestur. Hann er hruninn og illa farinn af landbroti. Í honum er stórgrýti og má enn sjá tvö umför í hleðslu á stöku stað, mesta hæð um 0,6 m. Garðurinn þjónaði bæði sem sjóvarnargarður og túngarður þar sem hann afmarkaði túnið til VNV. Ekki sjást nein merki um naustið þar sem talið er að það hafi verið og er líklegt að það sjórin hafi brotið það niður.

2016: Garðbútur E er í beinu framhaldi af C en þar er ekki stórgrýti heldur eingöngu jarðlæg röð steina, líklega neðstu grjótraðirnar í garðinum. Þessi hluti garðsins sést á 20 m löngum kafla. Garðurinn er á að giska 2 m á breidd en inni brún hans sést ekki eða illa. Nærri suðvesturenda garðbútsins liggur garðbrot að klöpp í fjörunni (nær ekki alla leið). Garðbrotið er 1,5 m á lengd og 1 m á breidd. Í því sjást tvö umför hleðslu. Ekki er útilokað að mannvirki sé uppi á bakkanum móts við garðbrotið sem gengur út í fjöruna. Þar er gróið yfir grjót en ekki er um afgerandi þúst að ræða eða skýr ummerki um mannvirki. Garðbútur D er svo 24 m VSV við E. Af honum sést slitrótt, jarðlæg grjóthleðsla. Víðast sést aðeins eitt umfar hleðslu neðan við sjávarbakkann og innri brún sést ekki. Leifar af járn og fúnu timbri sjást í sjávarbakkanum á stöku stað og ófúinn viðardrumbur og netadræsur eru við VSV-enda garðbútsins.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Breiðagerði, 2

GK-145:015 *Merkjagarður* heimild um landamerki 64°00.428N 22°19.493V

"Úr Sprungunni liggur merkjalínan beint í Litlu-Klöpp, sem er í flæðarmáli við neðri enda Merkjagarðs, sem liggur fyrir austurenda Stóra-Knarrarnestúns frá sjó upp að Túngarði [líklega sami og Heiðargarður 143:021] og eftir þessum Merkjagarði meðan hann nær til," segir í örnefnaskrá. Merkjagarður milli Breiðagerðis og Stóra-Knarrarness sást ekki á vettvangi en hefur að líkindum verið um 220 m suðvestan við bæinn í Breiðagerði 001 og um 340 m suðaustan við bæinn í Stóra-Knarrarnesi 143:001. Við staðsetningu garðsins var farið eftir upplýsingum um landamerki frá Sveitarfélaginu Vogum.

Þar sem garðurinn var að líkindum er að mestu leyti hraunmói. Ekki er að sjá að tún Stóra-Knarrarness hafi náð svona langt austur en ef til vill er langt síðan þau voru nytjuð og þau kunna að hafa spillst af sjávarágangi og grjóti sem sjórin hefur borið á land. Skammt frá sjávarkampinum eru íbúðarhús í byggingu.

Ekki sást til minja um garðinn á vettvangi er líklegasta skýringin að hann hafi verið rifinn.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Breiðagerði, 1

GK-145:016 *Sjávarstígurinn* heimild um leið 64°00.502N 22°19.323V
"Heiman frá bæ lá Sjávarstígurinn niður á Kampinn," segir í örnefnaskrá.

Sjávarstígurinn lá um tún sem komið er í órækt.

Ekki sést um minja um leiðina vegna gróðurs en mögulega er hann horfinn vegna túnasléttunar.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Breiðagerði, 2

GK-145:025 brunnur brunnur 64°00.501N 22°19.276V
Grjóthlaðinn brunnur er um 20 m norðan við bæ 001.

Brunnurinn er norðvestan undir bæjarhól 001, við norðausturenda hans þar sem hann er hæstur. Brunnurinn er í lægð í túninu og norðan við hann er nokkurt deiglendi.

Hólmgrímur Rósenbergsson, heimildamaður, greindi frá því að hann hefði byrgt brunninn fyrir um 30 árum með bárujárni og er það enn á sínum stað. Ekki sést því ofan í brunninn en hann var að sögn heill þegar hann var byrgður en ekki fengust frekari upplýsingar um gerð hans eða aldur. Brunnurinn er líklega 2x2 m að stærð en umfang hans sést ekki glögg.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda



Byrgður brunnur 025, horft til vesturs

GK-145:027 frásögn 64°00.521N 22°19.357V
Heimildamaður, Hólmgrímur Rósenbergsson, greindi frá því að ýmis mannvirki sem tengdust útgerð hefðu verið á klappartanga norðvestur af bæ 001. Allt er það nú horfið vegna ágangs sjávar. Þar sést þó enn rudd vör 036. Tanginn er um 95 m norðvestan við bæ 001.

Tanginn sem minjarnar voru á er gróðurlaus. Vestan við hann er grýtt klapparfjara og dálítið af ljósum sandi í henni.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda



Þúst 030, horft til suðurs

GK-145:030 þúst 64°00.428N 22°19.460V
Stór hóll sem líkist rústahól er um 200 m vestan við bæ 001 skammt sunnan við sjávarkamp.
Hóllinn er í móa utan túns en fast

norðan við og innan garðlags 031. Hóllinn er rétt vestan við sumarhúsalóð. Mikið stórgrýti er sunnan við hólinn á lágum hól sem liggur að garðlagi 031.

Hóllinn er grasi vaxinn, um 2 m á hæð og brattur nema til norðurs þar sem hann er nokkuð aflíðandi. Hóllinn er um 10x8 m að stærð og snýr norður-suður. Hann mjókkar lítillega upp og er nokkuð flatur að ofan. Ekki sjást skýrir veggir en hleðsluleifar má sjá neðarlega í vesturhlið hólins (þústarinnar).

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-145:031 garðlag vörslugarður



Garðlag 031, horft til austurs

64°00.419N 22°19.466V

Ógreinilegt garðlag sést 15 m sunnan við þúst 030 og 190 m suðvestan við bæ 001. Samkvæmt landamerkjum frá Sveitarfélaginu Vogum nær þessi garður yfir í land Stóra-Knararness GK-143.

Garðlagið liggur að hluta í óræktuðum móa og að hluta innan sumarbústaðarlóðar.

Garðlagið sést á um 63 m löngum kafla. Garðurinn er niðurfallinn og hefur verið rifinn á kafla. Mesta hæð er 0,4 m og sjást 2 umför hleðslu. Líklegt er að þessi garður hafi tengst Heiðargarði 143:020 sem sést um 70 m vestar. Hann hefur þá verið rifinn að stórum hluta.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-145:036 renna lending

Í fjörunni vestan við tangann þar sem útgerðarmannvirki 027 stóðu er rudd vör, um 100 m norðvestan við bæ 001.

Vörin er í grýttri klapparfjöru og er dálítið af ljósum sandi í henni.

Vörin er um 20x6 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Grjóti hefur verið hlaðið við suðvesturbrún hennar.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

64°00.522N 22°19.367V



Lending 036, horft til norðvesturs

GK-145:039 heimild um kálgarð

64°00.491N 22°19.297V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður fast vestan við bæ 001.

Kálgarðurinn var í litlu túni sem komið er í órækt.

Ekki sést til minja um kálgarðinn og er sennilegast að hann hafi horfið við túnasléttun.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

GK-145:040 heimild um kálgarð

64°00.498N 22°19.279V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður fast norðan við bæ 001.

Kálgarðurinn var í litlu túni sem komið er í órækt.

Ekki sést til minja um kálgarðinn og er sennilegast að hann hafi horfið við túnasléttun.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-145:041 heimild um leið

64°00.480N 22°19.326V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá leið frá bæ 001 í átt að sjó til suðvesturs.

Leiðin lá um tún sem komið er í órækt.

Engin ummerki um leiðina sjást lengur í túninu og ekki er ljóst hvert leiðin lá.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

3. Umfjöllun og niðurstöður

Svæðið sem fyrirhugaðar sjóvarnir í Breiðagerðisvík koma til með að hafa áhrif á er ekki mjög stórt en nokkur fjöldi minja er innan þess, eða 20 fornleifar. Innan svæðisins eru hlutar af heimatúnum Stóra-Knarrarness og Breiðagerðis en í heimatúnum má búast við miklum fjölda minja og þar er oft stutt á milli þeirra. Allar þær fornleifar sem eru skráðar á svæðinu höfðu verið skráðar áður og flestra þeirra er getið í heimildum. Þó fundust fleiri hlutar af varnargarði í landi Breiðagerðis en áður höfðu verið skráðir og er það eina viðbótin við fornleifaskráninguna sem áður hafði verið gerð á þessu svæði.

Fornleifarnar á svæðinu eru fjölbreyttar og eru til vitnis um landbúnað og sjósókn. Sýnilegar eru minjar um bæjarhól, varnargarð, túngarð, útihús, lendingu, kartöflugarð og brunna svo dæmi séu tekin. Bæjarhólar eru sérstaklega mikilvægur minjaflokkur. Í þeim leynast upplýsingar um húsakost, fæðu og almenn lífsskilyrði til forna og þar eru mestar líkur á að finnist merkir gripir. Bæjarhóll Breiðagerðis er að litlu leyti innan helgunarsvæðis sjóvarnargarðsins og utan framkvæmdasvæðis þannig að auðvelt ætti að vera að komast hjá raski á honum. Að óbreyttu mun varnargarður 145:012 lenda undir sjóvarnargarðinum. Halagerði 143:020 og hleðsla 143:037 eru mjög nálægt miðlínu sjóvarnargarðsins og því er líklegt að þær minjar muni raskast eða hverfa að hluta við framkvæmdirnar. Aðrar minjar sem teljast í stórhættu sjást ekki á yfirborði og því er ekki hægt að spá fyrir um afdrif þeirra við framkvæmdirnar.

Hér fyrir neðan er listi yfir fornleifarnar á helgunarsvæði sjóvarnargarðs í Breiðagerðisvík. Þær eru flokkaðar eftir því hvort þær eru inni á framkvæmdasvæði (stórhætta) eða áhrifasvæði (hætta).

Tafla 1. Fornleifar í stórhættu

Samtala	Tegund minja
GK-143:018	heimild um varnargarð
GK-143:020	Halagerði, kartöflugarður
GK-143:037	hleðsla, óþekkt
GK-145:004	heimild um útihús
GK-145:012	leifar af varnargarði
GK-145:015	heimild um landamerki
GK-145:016	heimild um leið

Tafla 2. Fornleifar í hættu

Samtala	Tegund minja
GK-143:021	túngarður og sambyggð tóft af útihúsi
GK-145:001	bæjarhóll Breiðagerðis
GK-145:003	heimild um útihús
GK-145:005	brunnur
GK-145:006	óljós ummerki um brunn
GK-145:025	brunnur
GK-145:027	frásögn um mannvirki tengd útgerð
GK-145:030	þúst, óþekkt
GK-145:031	garðlag, vörslugarður
GK-145:036	renna, lending
GK-145:039	heimild um kálgarð
GK-145:040	heimild um kálgarð
GK-145:041	heimild um leið

Ljóst er að nokkur fjöldi minja lendir í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda við sjóvarnir í Breiðagerðisvík en einnig er ljóst að umræddar framkvæmdir eru gerðar í þeim tilgangi að verja land (og minjar) fyrir mögulegum skemmdum vegna landbrots og vatnsaga. Til þessa þarf væntanlega að taka tillit og meta kosti og galla framkvæmdarinnar fyrir fornleifar og landgæði á svæðinu. Það er Minjastofnunar Íslands að ákveða hvort, og þá með hvaða skilyrðum fornleifar megi víkja. Minjastofnun mun einnig setja fram endanleg skilyrði um mótvægisáðgerðir þar sem fornleifar reynast í hættu vegna framkvæmdanna. Í lokin skal minnt á það sem segir í 24. grein laga um menningarminjar:

Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Minjastofnun Íslands er heimilt að stöðva framkvæmdir í allt að fimm virka daga meðan rannsókn fer fram hafi stofnunin rökstuddan grun um að fornminjar muni skaðast vegna framkvæmda. Verði ekki orðið við fyrirmælum stofnunarinnar um stöðvun framkvæmda er henni heimilt að leita atbeina lögreglu ef með þarf til að framfylgja þeim og beita dagsektum í því skyni, sbr. 55. gr.

Heimildaskrá

GJ: Mannlíf og mannvirki: Guðmundur B. Jónsson. 1987. *Mannlíf og Mannvirki í Vatnsleysustrandarhreppi*. Útgefið af höfundi, Vogum.

Kristborg Þórsdóttir (ritstj.). 2014. *Aðalskráning fornleifa í Sveitarfélaginu Vogum*. *Áfangaskýrsla II*. FS527-07252. Fornleifastofnun Íslands.

Lög um menningarminjar nr. 80/2012. <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Túnakort: Þjóðskjalasafn Íslands. Uppdráttur af túni Breiðagerðis 1919.

Ö-Breiðagerði: Örnefnaskrá Breiðagerðis. [Skráningarmanns ekki getið]. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Knararnes KE: Örnefnaskrá Knararness. Kristján Eiríksson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Knarrarnes: Örnefnaskrá Knarrarness. Skrásetjara ekki getið. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Viðauki 1: Hnitaskrá ISN93

Samtala	Austur	Norður
GK-143:018	337292.802	393630.019
GK-143:020	337303.803	393616.679
GK-143:021A	337275.927	393598.365
GK-143:021B	337230.256	393632.143
GK-143:037	337225.686	393652.144
GK-145:001	337604.764	393697.340
GK-145:003	337569.633	393707.828
GK-145:004	337554.905	393722.770
GK-145:005	337583.048	393720.809
GK-145:006	337582.418	393680.050
GK-145:012B	337545.814	393726.151
GK-145:012C	337485.270	393640.505
GK-145:012D	337439.499	393615.462
GK-145:012E	337469.721	393631.019
GK-145:015	337414.084	393590.174
GK-145:016	337559.569	393721.486
GK-145:025	337597.960	393717.748
GK-145:027	337533.596	393757.438
GK-145:030	337440.807	393589.314
GK-145:031	337434.715	393572.978
GK-145:036	337525.616	393760.593
GK-145:039	337579.733	393698.667
GK-145:040	337595.276	393711.693
GK-145:041	337555.241	393680.541

Viðauki 2: Kort





Skýringar

- fornleifar
- uppmældar fornleifar
- miðlína sjóvarnargarðs

